



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 15. mars 2016

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Hestamannafélagsins Glaðs, haldinn að sunnubraut 7 í Búðardal 15. mars 2016.

Mættir: Heiðrún Sandra, Þórarinn Birgir, Viðar, Svala og Þórður sem ritaði fundargerð í fjarveru ritara.

1. Þórður sagði frá formannafundi félaganna á Vesturlandi sem haldinn var í Borgarnesi 11. mars. Þar var
 - a. samþykkt að úrtökumótið í vor verði tvöfalt og fari fram dagana 11. og 12. júní.
 - b. samþykkt að stefna að því að næsta fjórðungsmót verði haldið í Borgarnesi 2017 og að félögin skipi fulltrúa í framkvæmdanefnd í haust.
2. Formaður Snæfellings hafði samband fyrr í vetur og ræddi hugsanlegt samstarf um íþróttamótin á vorin. Málið var óformlega rætt á meðal stjórnarliða Glaðs og félaga í mótanefnd og varð niðurstaðan sú að hafna ósk Snæfellings.
3. Ákveðið að halda aðalfund Glaðs sunnudaginn 10. apríl. Rætt nokkuð um skipan í stjórn og nefndir.
4. Svala gerði grein fyrir stöðu mála í Nesodda ehf. en þar var haldinn stjórnarfundur 14. mars. Nauðsynlegt er að fá hærri tekjur inn í reksturinn. Ýmsar leiðir ræddar en m.a. er ljóst að leigan sem Glaður greiðir fyrir notkun á reiðhöllinni verður að hækka. Notkun Glaðs á höllinni hefur enda stóraukist þetta árið miðað við undanfarin ár, sérstaklega vegna aukins fræðslustarfs. Samþykkt að leggja til við stjórn Nesodda að leigan í ár verði kr. 570.000. Til lengri tíma litið er afar mikilvægt að lækka skuldir Nesodda og þar með greiðslubyrði lána. Samþykkt að stjórn Glaðs muni leggja fram tillögu í þeim tilgangi á aðalfundi, formanni falið að vinna að orðalagi tillögunnar.
5. Samþykkt að tilnefna Ingu Heiðu Halldórsdóttur til íþróttamanns UDN árið 2015. Formaður skilar inn tilnefningunni ásamt rökstuðningi.

Fleira ekki bókað, fundi slitið.

Þórður Ingólfsson